

Pórður Arason

Mælingar og skráning á niðurslætti eldinga til jarðar á Íslandi

apríl 2003 - mars 2004


Ársskýrsla 2004, unnin fyrir Samstarfsnefnd um rannsóknir á eldingum:
Flugmálastjórn Íslands, Hitaveitu Suðurnesja hf, Landssíma Íslands hf, Landsvirkjun,
Löggildingarstofu, Og Vodafone, Orkuveitu Reykjavíkur, Rafmagnsveitur ríkisins, Samband
íslenskra tryggingafélaga og Veðurstofu Íslands

Efnisyfirlit

Inngangur	5
Rekstur mælistöðva	6
Flokkun LLP-eldingamæliskeyta	8
ATD sferics eldingar við Ísland	11
Annáll þrumuveðra við Ísland	12
Viðauki – ICLP greinar og EGU útdrættir	23
Comparison of data from a lightning location system and atmospheric parameters from a numerical weather prediction model	25
Seasonal and interannual variability of thunderstorms in Iceland and the origin of airmasses in the storms	31
The origin of airmasses in major thunderstorms in Iceland and the predictability of the storms	37
Climatology of thunder in Iceland	39

Inngangur

Hér er lýst mælingum á eldingum og fyrstu úrvinnslu gagnanna á Veðurstofu Íslands fyrir sl. ár, apríl 2003 til mars 2004. Greinargerðin er lögð fram á ársfund samstarfsnefndar um rannsóknir á eldingum 7. maí 2004. Þetta er sjöunda ársskýrslan sem lögð er fyrir ársfund samstarfsnefndarinnar og er nú í fyrsta sinn sett upp sem hluti ritraðar greinargerða frá Veðurstofu Íslands. Tíu stofnanir og fyrirtæki standa að þessu rannsóknasamstarfi, sem hófst sem tilraunaverkefni átta stofnana 1996. Gengið var frá nýjum samstarfssamningi til fimm ára í maí 2003. Aðilar að samstarfinu eru nú Flugmálastjórn Íslands, Hitaveita Suðurnesja hf, Landssími Íslands hf, Landsvirkjun, Löggildingarstofa, Og Vodafone, Orkuveita Reykjavíkur, Rafmagnsveitur ríkisins, Samband íslenskra tryggingafélaga og Veðurstofa Íslands.



Mynd 1. Staðsettar eldingar við Ísland á því tæplega sjö ára tímabili sem LLP-eldingastaðsetningakerfið hefur verið virkt eða frá júní 1997 til mars 2004. Rauðir deplar sýna jákvæðar eldingar og bláir neikvæðar, en formerki eldinga ákvarðast af rafhleðslu þrumuskýs miðað við jörðu.

Stjórn samstarfsnefndarinnar 2003-2004 var þannig skipuð

Eymundur Sigurðsson, fulltrúi Landsvirkjunar, formaður

Guðleifur M. Kristmundsson, fulltrúi Orkuveitu Reykjavíkur, ritari

Þórður Arason, fulltrúi Veðurstofu Íslands, meðstjórnandi

einnig störfuðu með stjórninni

Helga Jóhannsdóttir og Gísli Júlíusson

Í þessari greinargerð er birt yfirlit um rekstur eldingamælistöðva og kerfi á Veðurstofunni. Unnið var úr mælingum LLP-eldingamælikerfis samstarfsnefndarinnar (LLP, Lightning location and protection). Á mynd 1 má sjá staðsetingu eldinga úr LLP-kerfinu sl. sjö ár. Tekinn var saman fjöldi eldinga úr ATD sferics eldingakerfi bresku veðurstofunnar, sem nefndin hefur aðgang að (ATD, Arrival time difference). Þá er gefið yfirlit um þau þrumuveður sem hafa gengið yfir landið undanfarið ár samkvæmt þessum mælikerfum og mönnuðum athugunum á veðurstöðvum Veðurstofu Íslands. Að lokum eru í viðauka tvær rannsóknagreinar sem unnið hefur verið að á Veðurstofunni. Stefnt er að því að kynna efni þessara greina á alþjóðlegri eldingaráðstefnu næsta haust.

Þess er vænst að niðurstöður eldingarannsóknanna muni nýtast jafnt í vísindalegum tilgangi í samhengi við alþjóðarannsóknir á þessu sviði, sem og í hagnýtum tilgangi fyrir þær stofnanir og fyrirtæki sem að verkefnum standa.

Rekstur mælistöðva

Á starfsárinu voru fjórar eldingamælistöðvar úti á landi og ýmis tæki og hugbúnaður á Veðurstofunni sem tengjast eldingamælingum.

Syðri-Neslönd við Mývatn – LLP eldingamælistöð

LLP-stöðin var ekki heimsótt á árinu. Hún var síðast skoðuð af Þórði Arasyni og Sigvalda Árnasyni 14. september 2002. Rekstur stöðvarinnar hefur gengið mjög vel og ekkert athugavert komið upp. Stöðin er mjög næm á eldingar í samanburði við hinar stöðvarnar.

Hnausar í Meðallandi – LLP eldingamælistöð

Slökkt hefur verið á LLP-stöðinni undanfarið ár, eða allt frá 9. janúar 2003.

Ásgarður í Dölum – LLP eldingamælistöð

LLP-stöðin er löngum hljóð, en vaknar og gefur gagnlegar mælingar þegar þrumuveður eru nálægt landinu. Síðast var stöðin heimsótt í september 2001 af Þórði Arasyni og Árna Sigurðssyni.

Reykjavík – LLP eldingamælistöð

Rekstur LLP-stöðvarinnar gekk vel á starfsárinu, en allnokkuð er af suði sem stöðin skráir og eru því skeyti nokkuð mörg.

Keflavíkurflugvöllur – ATD Sferics eldingamælistöð

Stöðin er í eigu bresku veðurstofunnar, en gegn aðstoð við rekstur hennar höfum við aðgang að mæligögnum fyrir norðanvert Atlantshaf. Rekstur stöðvarinnar hefur gengið mjög vel.

Reykjavík – LLP innhringimiðstöð

PC-tölva á Veðurstofunni sér um að hringja inn gögn frá öllum þremur LLP-eldingamælistöðvunum. Hringt var í stöðvarnar á 3 klst fresti á starfsárinu. Gögnin voru skráð á miðlægan disk yfir tölvunet. Innhringitölvun er tengd GPS-tæki þannig að hægt er að umreikna alla atburði yfir á réttan tíma. Rekstur innhringitölvunnar gekk vel á árinu.

Reykjavík – EFMS bylgjuskráningarkerfi

EFMS-bylgjuskráningarkerfið skráir bylgjuform eldinga, en ekki er unnið sérstaklega úr gögnunum (EFMS, Elektrisk feltnálesystem). Loftnetið brotnaði, líklega í óveðri 2. mars 2004, og kapall slitnaði. Gert var við það 16. mars 2004.

Þrumuspár

Þrumuspár voru áfram reiknaðar út frá franska veðurlíkaninu Arpège. Reiknaður er lóðréttur hitastigull úr líkaninu og þeir reikningar notaðir til að meta hættu á myndun þrumuveðra. Þessir reikningar eru gerðir einu sinni á sólarhring. Þrumuviðvaranir eru sendar í tölvupósti. Á árinu hófst vinna við að stórbæta þrumuspár.

Vefurinn

Vefsíður samstarfsnefndarinnar voru sem fyrr á <http://www.vedur.is/athuganir/eldingar>. LLP-vefsíður voru uppfærðar á klukkustundarfresti. Vegna bilunar í tölvukerfi Veðurstofunnar komu gögn úr LLP-kerfinu ekki á vefinn frá lokum febrúar 2004. Engin mæligögn töpuðust vegna þessa ástands. Sferics síður með bresku gögnunum fyrir norðanvert Atlantshaf voru uppfærðar á 30 mín fresti. Þrumuspásíður voru uppfærðar einu sinni á sólarhring.

ALDF - eldingamælistöðvar

Samstarfsnefndin keypti á árinu 2003 fjóra ALDF-eldinganema af dönsku veðurstofunni (ALDF, Advanced lightning direction finder). Stefnt er að því að ALDF-tækin, framleidd um 1990, taki við af LLP-tækjunum sem eru frá því um 1980. Á starfsárinu var unnið við að tengja ALDF-nemana við PC-tölvur og GPS-tæki og útbúa innhringimiðstöð fyrir þetta kerfi ásamt tilheyrandi forritun. Þessari vinnu er ekki lokið.

Flokkun LLP-eldingamæliskeyta

Í þessum kafla er sýnt, mest með töflum, hvernig skeyti frá LLP-mælistöðvum verða að samtímaatburðum, og úr samtímaatburðunum eru valdar eldingar við Ísland. Kaflinn er sambærilegur við álíka kafla í ársskýrslum samstarfsnefndarinnar 1999 til 2003.

Í **töflu 1** er sýndur fjöldi skeyta frá eldingamælistöðvunum, mánuð fyrir mánuð síðastliðið ár, apríl 2003 til mars 2004. Fyrst er sýndur heildarfjöldi skeyta í mánuði og hafa þau verið lægst 563 í október 2003 og hæst 9574 í janúar 2004. Þar næst er sýndur fjöldi skeyta frá hverri stöð RE: Reykjavík, SN: Syðri-Neslönd, ÁS: Ásgarður. Engin gögn eru frá Hnausastöðinni á þessu tímabili. Að lokum er sýndur fjöldi stakra skeyta og fjöldi skeyta sem koma á sama tíma og skeyti frá annarri stöð, en 232 skeyti koma samtímis skeytum frá annarri mælistöð. Meirihluti samtímaskeytanna komu um sumarið 2003.

Tafla 1. Flokkun skeyta frá eldingamælistöðvum

Mánuður	Fjöldi	RE	SN	ÁS	Stök	Samtíma
2003-04	1927	1837	84	6	1921	6
2003-05	567	359	196	13	557	10
2003-06	590	410	167	12	578	12
2003-07	2391	1959	377	55	2320	71
2003-08	3469	2988	441	40	3411	58
2003-09	956	634	230	92	926	30
2003-10	563	452	89	22	554	9
2003-11	679	556	105	18	670	9
2003-12	5575	5506	56	13	5564	11
2004-01	9574	9358	203	13	9560	14
2004-02	741	598	96	47	741	0
2004-03	2215	2171	26	18	2213	2
Samtals	29247	26828	2070	349	29015	232

Þau 232 skeyti sem komu ekki stök mynda 106 samtímaatburði. Í 92 skipti eru einungis skeyti frá tveimur stöðvum í samtímaatburði og í 14 tilvikum skynja allar þrjár stöðvar samtímaatburð.

Í **töflu 2** má sjá flokkun samtímaatburðanna 106 eftir mánuðum, þar sem gallaðir atburðir eru tíndir burt og búið til úrval fyrir frekari úrvinnslu. Í 46 tilfellum verður atburður ónothæfur vegna mettunar á a.m.k. einni stöð en þá fást engar upplýsingar um stefnu í eldingu. Ef einungis ein stöð gefur stefnu er ekki hægt að finna nothæfa staðsetningu og eru þessir atburðir ekki notaðir frekar í þessari úrvinnslu. Þó ein stöð mettist, en e.t.v. tvær sem skynja stefnu er atburðurinn notaður. Í 4 tilfellum skynjuðu einungis tvær stöðvar eldinguna, en hún var á grunnlínu stöðvanna, annað hvort milli stöðvanna eða í beinni línu út frá þeim. Miðað var við 10° grunnhorn frá grunnlínu. Staðsetning slíkra eldinga verður alltaf mjög ónákvæm og voru þessir atburðir ekki notaðir frekar. Í engu tilfelli var þekkt suð-stefna frá Reykjavík eða Syðri-Neslöndum í skeyti á sama tíma og skeyti frá annarri stöð. Í 3 tilvikum voru samtímaatburðir tíndir burt vegna andstæðrar pólnar. Í 3 tilvikum var um augljóslega ósamstæð gögn að ræða. Eftir þessa hreinsun erum við með skráningu á 50 eldingum. Þetta eru mun færri eldingar en undanfarin ár. Hér kemur til að einungis þrjár stöðvar voru í gangi, en einnig hafa áberandi fá þrumuveður gengið yfir landið sl. vetur.

Tafla 2. Flokkun samtímaatburða

Mánuður	Samtíma	Mettun	Grunnlína	Suð	Pólun	Ósamstæð	Val
2003-04	3	0	0	0	0	0	3
2003-05	5	2	0	0	0	0	3
2003-06	6	2	2	0	0	0	2
2003-07	31	24	0	0	1	1	5
2003-08	26	8	1	0	0	1	16
2003-09	15	1	1	0	0	0	13
2003-10	4	1	0	0	0	0	3
2003-11	4	1	0	0	0	1	2
2003-12	4	1	0	0	0	0	3
2004-01	7	5	0	0	2	0	0
2004-02	0	0	0	0	0	0	0
2004-03	1	1	0	0	0	0	0
Samtals	106	46	4	0	3	3	50

Af þessum 50 völdu samtímaatburðum er stór hluti þar sem stefnur eru nær samsíða, sem bendir til að eldingarnar séu mjög fjarlægjar. Valinn var rammi umhverfis Ísland sem markast af 60°-70°N og 0°-40°V og valdar þær eldingar sem staðsetjast innan rammans. Við þetta fækkaði eldingunum niður í 24 og er 60°N baugurinn nær eingöngu takmarkandi. Til að velja enn frekar eldingar á landi og rétt umhverfis landið var valinn hringur með 400 km geisla og miðju í 65°N, 19°V. Erum við þá komin með 20 eldingar, 13 yfir sjó og 7 yfir landi.

Tafla 3 sýnir flokkun allra staðsettra eldinga frá upphafi mælinga. Goseldingar í töflunni eru fyrir Grímsvatnagosið 1998 og Heklugosið 2000.

Í **töflu 4** má sjá flokkun þeirra 20 eldinga sem falla innan 400 km hringsins. Sjá má fjölda eftir formerki eldinga, hve margar stöðvar tóku þátt í staðsetningu og fjarlægðarbíl frá landsmiðju. Eldingarnar eru það fáar að ekki er efni til að álykta mikið um straumstyrk þeirra, en þó var hann sem fyrr að jafnaði hærri í jákvæðum eldingum. Þannig var straumstyrkurinn +41 til +167 kA í jákvæðu eldingunum átta (meðaltal 100 kA), á meðan hann var -25 til -171 kA í neikvæðu eldingunum tólf (meðaltal 88 kA).

Tafla 3. Staðsetning eldinga

Ár	Val	Innan ramma	Óstöðugar	Innan hrings	Sjór	Land	Gos
1997 (7 mán)	198	100	8	72	45	27	-
1998	617	236	8	131	66	65	9
1999	141	88	10	39	29	10	-
2000	372	240	1	179	70	109	6
2001	576	293	1	134	110	24	-
2002	405	171	2	128	102	26	-
2003 (3 mán)	147	91	4	69	30	39	-
2003 (9 mán)	50	24	2	20	13	7	-
2004 (3 mán)	0	0	0	0	0	0	-
	(50)	(24)	(2)	(20)	(13)	(7)	
Samtals	2506	1242	36	772	465	307	15

Rammi miðast við svæðið 60°-70°N og 0°-40°V. Hringur miðast við 400 km geisla frá 65°N, 19°V.

Tafla 4. Flokkun eldinga innan hrings fyrir tímabilið 2003-04 til 2004-03

	Fjöldi	Neikvæðar	Jákvæðar	2 stöðvar	3 stöðvar	Fjarlægð (km)
Sjór	13	10	3	13	0	219-389
Land	7	2	5	7	0	133-189
Samtals	20	12	8	20	0	133-389

ATD sferics eldingar við Ísland

Gegn aðstoð við að reka ATD sferics eldingamælistöð á Keflavíkurflugvelli, sem er í eigu bresku veðurstofunnar, fær Veðurstofa Íslands aðgang að gögnum Bretanna. Á 30 mín fresti er náð í nýjustu ATD sferics gögn frá bresku veðurstofunni. Gögnin eru vistuð og teiknuð á kort af N-Atlantshafi fyrir vefsíðu. Nákvæm tímasetning ATD eldinganna, sem við höfum aðgang að, er örlítið villandi, því skráður er tíminn þegar gögnin eru skráð í gagnagrunn á bresku veðurstofunni, sem skeður e.t.v. 5-15 mín eftir niðurslátt eldingarinnar. Til stendur að leiðrétta þetta hjá Bretunum. Í **töflu 5** má

sjá fjölda eldinga á og við Ísland sem LLP- og ATD-kerfin hafa skráð á árinu. Tvö mestu þrumuveðrin voru 9. ágúst og 19. júlí 2003. Heildarfjöldi ATD eldinga á árinu er 515, innan hrings með 400 km geisla frá miðju landinu. Þennan fjölda þarf að bera saman við 20 eldingar skráðar af LLP-kerfinu. ATD sferics kerfið skráir eitthvað af skýjaeldingum, en LLP-kerfið er hannað til að hafna þeim. Ljóst má þó vera að LLP-kerfið skráir einungis lítið brot af raunverulegum eldingum á og við landið.

Tafla 5. *Fjöldi eldinga við Ísland eftir dögum*

Dagsetning	LLP	ATD	Dagsetning	LLP	ATD
2003-05-07	0	1	2003-10-27	0	1
2003-05-22	1	1	2003-10-28	1	2
2003-05-26	0	1	2003-11-04	1	4
2003-06-17	0	2	2003-11-05	0	11
2003-06-18	0	3	2003-11-13	0	1
2003-06-19	0	10	2003-12-03	0	1
2003-07-13	0	1	2003-12-20	0	1
2003-07-18	0	19	2003-12-24	0	3
2003-07-19	1	73	2003-12-25	0	2
2003-07-20	0	7	2004-01-07	0	1
2003-07-26	0	15	2004-01-08	0	6
2003-07-27	1	13	2004-01-16	0	1
2003-07-28	0	17	2004-01-17	0	11
2003-07-29	0	1	2004-01-23	0	12
2003-08-02	0	1	2004-03-02	0	4
2003-08-08	0	3	2004-03-11	0	1
2003-08-09	1	172	2004-03-12	0	6
2003-08-10	11	65	2004-03-13	0	27
2003-08-12	0	1	2004-03-14	0	3
2003-09-04	3	5	2004-03-18	0	3
2003-09-14	0	1	2004-03-27	0	1
2003-09-28	0	1	Samtals	20	515

Fjöldi miðast við eldingar innan hrings með 400 km geisla frá 65°N, 19°V.

Annáll þrumuveðra við Ísland

Gerð er grein fyrir þeim eldingum sem við höfum fréttir af eða hafa verið mældar af LLP- og ATD-eldingastaðsetningakerfunum á sl. ári, frá 1. apríl 2003 til 31. mars 2004. Þegar tímasetning er tiltekin frá veðurskeytastöðvum er átt við að vart var við þrumur og/eða eldingar einhvern tíma á gefnu tímabili. Á úrkomustöðvum

Veðurstofunnar er einungis mæld úrkoma og snjódýpt einu sinni á dag, kl. 9 árdegis. Úrkomustöðvarnar skrá einnig hvort vart hafi verið við þrumuveður undangenginn sólarhring, þ.e. frá kl. 9 árdegis daginn áður, en nákvæmari tímasetning er ekki skráð.

Lýsing á einstökum veðrum og skemmdum

Sjá má staðsettar eldingar í apríl til júní á **mynd 2**.

- 8. apríl 2003:** Veðurathugunarmaður á úrkomustöð í Skaftafelli tilkynnti um þrumuveður undangenginn sólarhring.
- 7. maí 2003:** ATD sferics kerfið skráði eina eldingu 12 km NNV við Garðskaga kl. 04:50.
- 22. maí 2003:** LLP-kerfið staðsetti eina eldingu á Suðurlandi, 12 km NA af Hellu kl. 14:02. ATD sferics kerfið skráði eina eldingu 22 km VNV við LLP-eldinguna kl. 14:10. Þetta er trúlega sama eldingin.
- 26. maí 2003:** Veðurathugunarmaður á Grímsstöðum á Fjöllum tilkynnti um þrumuveður á síðustu klukkustund og miðlungs eða mikla rigningu á athugunartíma ($w = 92$) kl. 15. ATD sferics kerfið skráði eina eldingu 5 km SA af Grímsstöðum kl. 13:55.
- 7. júní 2003:** Í frétt Mbl. 10. júní sagði: „Talið er að elding hafi kveikt í húsi í Hveragerði á sunnudag. Eldur kom upp í millilofti og logaði upp í þakið en slökkviliðið í Hveragerði var fljótt á vettvang og tókst að koma í veg fyrir stórtjón“.
- 17. júní 2003:** ATD sferics kerfið skráði tvær eldingar um 13 km VSV við Sauðárkrók kl. 19:00.
- 18. júní 2003:** Veðurathugunarmaður í Æðey tilkynnti um þrumuveður milli athugunartíma ($W_1 = 9$) kl. 18 (einhverntíma á tímabilinu kl. 15-17). ATD sferics kerfið skráði tvær eldingar á Norðurlandi, nálægt Húsavík og Blönduósi kl. 15:25 og 18:30.
- 19. júní 2003:** Veðurathugunarmaður í Básum á Goðalandi tilkynnti um þrumuveður milli athugunartíma ($W_1 = 9$) kl. 18 (einhverntíma á tímabilinu kl. 12-17). Morguninn eftir tilkynnti veðurathugunarmaður á úrkomustöð á Skógum undir Eyjafjöllum um þrumuveður undangenginn sólarhring. ATD sferics kerfið skráði tíu eldingar á Mýrdalsjökulssvæðinu kl. 14:10 – 16:05.

Sjá má staðsettar eldingar í júlí til september á **mynd 3**.

- 13. júlí 2003:** ATD sferics kerfið skráði eina eldingu á Sprengisandi kl. 17:50.
- 18. júlí 2003:** ATD sferics kerfið skráði eina eldingu í Veiðivötnum, sex eldingar á Austurlandi og tólf austan við landið kl. 15:20 – 20:10.
- 19. júlí 2003:** LLP-kerfið staðsetti eina eldingu NA af landinu kl. 04:58. ATD sferics kerfið skráði 73 eldinar á og við landið, af þeim voru 63 á landi kl. 13:10 – 19:30, flestar norðan Vatnajökuls og nálægt Mýrdalsjökli. Kort með staðsettum eldingum í þessu þrumuveðri má sjá á **mynd 6**.
- 26. júlí 2003:** Veðurathugunarmenn í Reykjavík tilkynntu um þrumuveður milli athugana ($W_1 = 9$) kl. 18 (einhverntíma á tímabilinu kl. 15-17). Morguninn eftir tilkynnti veðurathugunarmaður á úrkomustöð í Vogsósum um þrumuveður undangenginn sólarhring. Í frétt Mbl. 28. júlí sagði: „Eldingu laust niður í Fokker-flugvél Flugfélags Íslands skömmu eftir flugtak frá Reykjavíkflugvelli á laugardag og var henni þegar snúið til baka. Um borð voru 28 farþegar auk áhafnar“. ATD sferics kerfið skráði ellefu eldingar þennan dag SA af landinu og fjórar eldingar 22-33 km NV af Reykjavík kl. 17:05 – 17:20.
- 27. júlí 2003:** Veðurathugunarmaður í Hjarðarlandi í Biskupstungum tilkynnti um að heyrst hafi í skruggum en engin úrkoma var á athugunarstað ($w = 17$) kl. 18. Morguninn eftir tilkynnti veðurathugunarmaður á úrkomustöð á Augastöðum í Borgarfirði um þrumuveður undangenginn sólarhring. Í frétt Mbl. 29. júlí sagði: „Eldingar skutu mönnum og dýrum skelk í bringu og húsin nötruðu undan þrumunum í gjörningaveðri sem gekk yfir Biskupstungurnar á sunnudagskvöld“. LLP-kerfið staðsetti tvær eldingar langt SA af landinu um morguninn. ATD sferics kerfið skráði nokkrar eldingar þennan dag SA af landinu og níu eldingar á Suðurlandi kl. 16:25 – 20:15.
- 28. júlí 2003:** Veðurathugunarmenn á úrkomustöðvunum Augastöðum, Stafni í Svartárdal og á Skeiðsfossvirkjun tilkynntu um þrumuveður undangenginn sólarhring þ. 29. Í frétt Mbl. 29. júlí sagði: „Blossar stóðu út úr rafmagnstöflum, ljós kviknaði á aflögðum ljósastaur, innstungur sviðnuðu og hross trylltust í þrumuveðrum sem hafa gengið yfir í Biskupstungum og við Öxarfjörð á síðustu tveimur sólarhringum“. ATD sferics kerfið skráði nokkrar eldingar um morguninn SA af landinu og 15 eldingar á Norður- og Vesturlandi kl. 14:30 – 21:15.

- 8.-10. ágúst 2003:** Veðurathugunarmaður á Hrauni á Skaga tilkynnti um að heyrst hafi í skruggum en engin úrkoma var á athugunarstað ($w = 17$) kl. 18 þ. 9. Veðurathugunarmaður á úrkomustöð á Augastöðum í Borgarfirði tilkynnti um þrumuveður undangenginn sólarhring þ. 10. LLP-kerfið staðsetti eina eldingu 13 km VSV af Ásgarði í Dölum kl. 16:44 þ. 9., og tíu eldingar N af landinu kl. 00:47 – 01:39 þ. 10., og eina eldingu 20 km SA af Kröfluvirkjun kl. 01:02 þ. 10. ATD sferics kerfið skráði mikinn fjölda eldinga SA af landinu kl. 19:35 þ. 8. til kl. 08:30 þ. 9. Síðan skráði kerfið 152 eldingar SA við Langjökul kl. 14:40 – 17:35 þ. 9. Að lokum var mikill fjöldi eldinga skráður fyrir norðan landið kl. 18:00 þ. 9. til kl. 08:30 þ. 10. Kort með staðsettum eldingum í þrumuveðrinu 9. ágúst má sjá á mynd 7.
- 12. ágúst 2003:** ATD sferics kerfið skráði eina eldingu 6 km sunnan við Grímsstaði á Fjöllum kl. 16:35.
- 4. september 2003:** LLP-kerfið staðsetti þrjár eldingar á Lónsöræfum kl. 18:27 – 18:29. ATD sferics kerfið skráði þrjár eldingar á Suðurlandi kl. 13:40 – 16:15.
- 13. september 2003:** Veðurathugunarmaður á Vatnsskarðshólum í Mýrdal tilkynnti um þrumuveður með eða án úrkomu á síðustu klukkustund ($w = 29$) kl. 18.
- 22.-23. september 2003:** LLP-kerfið skynjaði tíu eldingar langt suður af landinu kl. 22:16-01:53.

Sjá má staðsettar eldingar í október til desember á mynd 4.

- 6. október 2003:** Veðurathugunarmaður á úrkomustöð á Ísafirði tilkynnti um þrumuveður undangenginn sólarhring.
- 10. október 2003:** Veðurathugunarmaður á úrkomustöð á Stóra-Vatnshorni í Dölum tilkynnti um þrumuveður undangenginn sólarhring.
- 27.-28. október 2003:** Veðurathugunarmenn á Keflavíkurflugvelli tilkynntu um þrumuveður milli athugunartíma ($W_1 = 9$) kl. 24 þ. 27. (einhverntíma á tímabilinu kl. 21-23). LLP-kerfið staðsetti eina eldingu 14 km SSV af Hvolsvelli kl. 03:15 þ. 28.
- 4.-5. nóvember 2003:** Veðurathugunarmaður á Stórhöfða í Vestmannaeyjum tilkynnti um þrumuveður milli athugunartíma ($W_1 = 9$) kl. 24 þ. 4. (einhverntíma á tímabilinu kl. 21-23), og þrumuveður með eða án úrkomu á síðustu klukkustund ($w = 29$) kl. 03 þ. 5. Að morgni þ. 5. tilkynnti

veðurathugunarmaður á úrkomustöð á Vogsósum um þrumuveður undangenginn sólarhring. Í frétt Mbl. 20. nóvember sagði: „Komið hefur í ljós að skemmdirnar á Urðarvita í Vestmannaeyjum fyrir skömmu voru ekki af mannavöldum heldur náttúrunnar. Þrír starfsmenn Siglingastofnunar komu til Eyja og staðfestu þeir að elding hafi laskað vitann“. LLP-kerfið staðsetti eina eldingu langt suður af Reykjanesi kl. 21:54 þ. 4. ATD sferics kerfið skráði fjölda eldinga suður af landinu þessa tvo daga, 10 þeirra náðu norður fyrir 62°N, en engar inn á land.

- 3. desember 2003:** Veðurathugunarmenn á úrkomustöðvunum Hítardal og Hjarðarfelli á Snæfellsnesi tilkynntu um þrumuveður undangenginn sólarhring þ. 4. LLP-kerfið skynjaði þrjár eldingar langt suður af landinu kl. 11:33-11:39. ATD sferics kerfið skráði eina eldingu á Suðurlandi kl. 16:05.
- 22. desember 2003:** Veðurathugunarmaður á Sauðanesvita á Tröllaskaga tilkynnti um að heyrst hafi í skruggum en engin úrkoma var á athugunarstað (w = 17) kl. 12.
- 24. desember 2003:** ATD sferics kerfið skráði tvær eldingar í Þórsmörk kl. 03:10 og 05:45.

Sjá má staðsettar eldingar í janúar til mars á **mynd 5**.

- 8. janúar 2004:** ATD sferics kerfið skráði fjórar eldingar á SA landi kl. 00:55 – 04:10.
- 17. janúar 2004:** Veðurathugunarmaður á úrkomustöðinni Kvískerjum í Öræfum tilkynnti um þrumuveður undangenginn sólarhring þ. 18. ATD sferics kerfið skráði nokkrar eldingar SA af landinu kl. 13:25 – 17:25.
- 23. janúar 2004:** Veðurathugunarmenn tilkynntu um þrumuveður undangenginn sólarhring á úrkomustöðvunum Vogsósum þ. 23. og Kvískerjum þ. 24. ATD sferics kerfið skráði allmargar eldingar S af landinu og frá Reykjanesi til Hafnar kl. 00:00 – 20:00.
- 2. mars 2004:** Í frétt Mbl. 3. mars sagði: „Eldingu laust niður í Fokker-flugvél Flugfélags Íslands á leið til Akureyrar upp úr kl. tvö í gær eða um tíu mínútum eftir að vélin hóf sig á loft af Reykjavíkflugvelli“. Eldingin fór inn og út um nef vélarinnar. Henni var snúið við til skoðunar. Einhverjir á Veðurstofunni

töldu sig hafa heyrt í þrumu (skv. Halldóri Björnssyni). ATD sferics kerfið skráði nokkrar eldingar S af landinu og tvær inni á landi kl. 18:45 og 22:30.


12.-14. mars 2004: Veðurathugunarmenn tilkynntu um þrumuveður undangenginn sólarhring á úrkomustöðvunum Kvískerjum þ. 13., Kerlingardal við Mýrdalsjökul þ. 13., Stafafell í Lóni þ. 13., Hánefsstöðum í Seyðisfirði þ. 13. og Skaftafelli þ. 14. ATD sferics kerfið skráði 40 eldingar frá Öræfasveit til Seyðisfjarðar kl. 18:50 þ. 12. til kl. 09:20 þ. 14. Kort með staðsettum eldingum í þrumuveðrinu 13. mars má sjá á **mynd 8**.

Kort af þrumuveðrum ársins


Á **myndum 2 til 5** eru sýnd þriggja mánaða tímabil með staðsetningarkortum. Staðsetningarkortin sýna staðsettar eldingar með LLP-eldingamælikerfinu, þar sem jákvæðar/neikvæðar eldingar eru sýndar með fylltum/opnum hringjum. Eldingastaðsetingar úr ATD sferics kerfinu eru sýndar með plús merki (+). Mælistöðvarnar eru sýndar með litlum ferningum. Hafa ber í huga að mældar eldingar eru innan nokkuð stærra svæðis en staðsetningarkortin sýna, og því sjást ekki allar eldingarnar á kortunum.

Myndir 6 til 8 sýna þrjú mestu þrumuveður ársins, 19. júlí 2003, 9. ágúst 2003 og 13. mars 2004.


Á **mynd 9** er yfirlit yfir allt mæliárið. Á **mynd 10** eru allar eldingar úr LLP-eldingamælikerfinu frá júní 1997 til mars 2004 sýndar á einu korti. Á **mynd 11** eru allar eldingar úr breska ATD sferics eldingamælikerfinu frá september 1998 til mars 2004 sýndar á einu korti.




Mynd 2. Eldingar í apríl til júní 2003




Mynd 3. Eldingar í júlí til september 2003




Mynd 4. Eldingar í október til desember 2003




Mynd 5. Eldingar í janúar til mars 2004




Mynd 6. Þrumuveðrið 19. júlí 2003




Mynd 7. Þrumuveðrið 9. ágúst 2003




Mynd 8. *Þrumuveðrið 13. mars 2004*



Mynd 9. *Eldingar á árinu apríl 2003 til mars 2004*



Mynd 10. Skráðar eldingar með LLP-eldingamælikerfinu frá júní 1997 til mars 2004



Mynd 11. Skráðar eldingar með ATD-sferics eldingamælikerfinu frá september 1998 til mars 2004

Viðauki – ICLP greinar og EGU útdrættir

Tvær greinar eftir starfsmenn Veðurstofunnar, sem lýsa rannsóknum á þrumuveðrum á Íslandi, hafa verið sendar á ráðstefnuna *27th International Conference on Lightning Protection (ICLP 2004)*, sem haldin verður í Avignon í Frakklandi 13.-16. september 2004. Fylgir afrit þeirra hér sem viðauki.

- Þórður Arason, *Comparison of data from a lightning location system and atmospheric parameters from a numerical weather prediction model*
- Haraldur Ólafsson, Þórður Arason og Trausti Jónsson, *Seasonal and interannual variability of thunderstorms in Iceland and the origin of airmasses in the storms*

Á eftir ICLP-greinunum fylgja tveir EGU-útdrættir. Annar fyrir erindi og hinn fyrir veggspjald sem kynnt voru á ráðstefnunni *European Geosciences Union 2004, 1st General Assembly*, sem haldin var í Nissa í Frakklandi 25.-30. apríl 2004.

- Haraldur Ólafsson, Trausti Jónsson og Þórður Arason, *The origin of airmasses in major thunderstorms in Iceland and the predictability of the storms*
- Haraldur Ólafsson, Trausti Jónsson og Þórður Arason, *Climatology of thunder in Iceland*

Comparison of Data from a Lightning Location System and Atmospheric Parameters from a Numerical Weather Prediction Model

Pórður Arason

Veðurstofa Íslands - Icelandic Meteorological Office, Bustadavegi 9, IS-150 Reykjavik, Iceland
arason@vedur.is

Abstract: This study presents a comparison between the occurrence of thunderstorms in Iceland as identified by lightning location systems and the properties of the atmosphere as analysed and predicted by a short range numerical meteorological forecast model. The purpose of the comparison is to identify thunderstorm prediction indices, suitable for Iceland. The numerical meteorological forecast model of Météo-France, Arpège, was used for this study. On the basis of output from the Arpège, the key atmospheric variables were defined in a grid. The lightning locations of the ATD sferics system of the UK Met Office and the LLP-based lightning location system of the Icelandic Meteorological Office, were used for this study. Several thunderstorm indices based on the temperature and humidity profile of the atmospheric column of each element of the forecast model were calculated. The indices that best predicted occurrences of lightnings were then used in a statistical similarity model that estimates thunderstorm probabilities. These were adjusted for annual variations and diurnal variations in the summer. The results enable the construction of probabilistic local thunderstorm forecasts for Iceland, based on output from an operational numerical weather prediction model.

Keywords: Thunderstorm prediction, Numerical weather prediction model, Thunderstorm index, ATD sferics, Iceland

1. Introduction

The ability to accurately predict thunderstorms a few days in advance is enormously important. This ability can both save lives and in some instances also prevent damage to property.

In the 1940's and 50's some fairly simple atmospheric stability indices were developed. They were designed to estimate chances of thunderstorms from a single radiosonde profile. One of the oldest indices, still in use, is the Showalter stability index, published in 1953 [1].




Figure 1: The grid-points of the Arpège weather prediction model over Iceland.




Figure 2: A sample vertical cross section at 65°N showing typical distribution of the Arpège grid-points. The three pressure levels at the highest elevation are the 500, 600 and 700 hPa isobars.

Many of the indices were developed in the pre- or early-computer era. Now, forecasters have access to powerful

computers and numerical weather prediction models. Significant advances are being made in incorporating atmospheric convection into the numerical models. However, one of the fundamental problems is that the horizontal grid size of the weather prediction models is almost an order of magnitude larger than the convection cells.

In this study we have compared several atmospheric stability indices to lightning location data in a statistical way to predict thunderstorms. Our hope is to be able to predict thunderstorms beyond what currently operational numerical weather prediction models can. One of the advances of using this statistical point of view is that several underlying, known as well as unknown, processes, properties and local phenomena will be taken into account.

In this article we outline a prototype of a statistical similarity model that seems to accurately predict thunderstorms in Iceland. Next steps will include assessing the accuracy of the predictions and making the model operational.

2. Weather prediction model

One of the operational models used at the Icelandic Meteorological Office is the output of a numerical weather prediction model, Arpège, made by Météo-France [2]. The parameters given by the Arpège output at each grid point are elevation of an air parcel above sea level, air pressure, air temperature, relative humidity, wind speed and wind direction. Output from the Arpège is received twice daily with analysis for 00:00 and 12:00 UTC. The forecast range is 0, 6, 12, 18, 24, 30, 36, 42, 48, and 54 hours.

For this study, the analysis output of Arpège was used to determine the state of the atmosphere at 00:00 and 12:00 UTC. The 6 hour forecasts at 00:00 and 12:00 were used to determine the state of the atmosphere at 06:00 and 18:00 UTC.

The horizontal spacing of the grid on which the Arpège is projected spans 1° of longitude and 0.5° of latitude. The domain of the study extends from 63°N to 67°N and 13°W to 25°W , see Figure 1. Each of these 117 horizontal elements of the study area is therefore about 47×55 km. For each areal element, the Arpège model output predicts the state of the atmosphere in 11-19 vertical layers below the 500 hPa pressure level, which is about 5 km above sea level. A sample cross section showing the vertical distribution of the Arpège grid is shown in Figure 2.

Models output at 00, 06, 12, and 18 UTC for the four years 2000-2003 are represented by 5844 time points. Two of the outputs were damaged and not used for this study. For every time point we have 117 areal elements, above which the properties of the atmospheric column are defined. Therefore, by using the Arpège model output we have an estimate of the properties of 683514 atmospheric columns above an areal element.




Figure 3: The study area was split into five distinct geographical regions, shown on this map along with the located lightnings 2000-2003.

3. Lightning location data

For this study we have used lightning locations for the four years 2000-2003 from the Icelandic lightning location system [3, 4, 5] and data from the ATD sferics system of the UK Met Office [6]. The lightning data were used to determine times and places of thunderstorms.

For comparison purposes the lightning location data were gridded in space and time in the same way as the Arpège model output, i.e. the same 117 areal elements and 6 hour time intervals. Thunderstorms occurring between 03:00 and 09:00 were set at time 06:00 UTC.

Figure 3 shows all the located lightnings during these four years 2000-2003. Volcanogenic lightnings [7] from the Hekla 2000 eruption were omitted.

4. Temporal and spatial variation

